



Reykviskir nemendur fylgjast með skemmtun Turéll-hjónanna í gær.



Chili og Dan Turéll syngja einn söngva Dans á sviðinu í Háskólabíói.

Auðvitað höfum við boðskap en við segjum ekki frá honum

— segja Chili og Dan Turéll

Á að taka Dan Turéll alvarlega? Hann lítur út eins og hann vilji það ekki. Íklæddur einhvers konar sjakket við hvítar buxur, með stórt bindi um hálsinn, dökki sólgleraugu og svartan harðkúlhatt, andlitið með svolitlum kímnisvip. Kannski eru gleraugun til að draga úr glettisvip augnanna? Þegar hann byrjar að tala, fær öll myndin annan svip. Áheyrandinn missir hið ytra form út úr brennividdinni og djúp, róleg röddin beinir athyglinni að yfirvegudum listamanni, sem hefur valið sér leiksvið og kann sína rullu, veit nákvæmlega

hvað hann er að gera. Við hlíð hans situr kona hans og samstarfamaður, leikkonan Chili, og skerpir myndina. Við skyjum kannski best líffsýn þeirra hjóna, þegar þau segja okkur nafn dóttur sinnar, sem situr þar hjá og lítar í bók, hún heitir Lotus eftir „... því undursamlega og fallega kúnverska blómi“.

Við erum á blaðamannafundi, þar sem Dan Turéll og Chili segja frá sjálfum sér. Tilefnið er heimsókn þeirra hingað til lands í boði Norræna hússins, Háskóla Íslands og Háskólabíós. Þau koma til að vera viðstödd frumsýningu blómýndar-

innar sem gerð var eftir fyrstu sakamálasögu Turélls sem heitir Morð í myrkri. Í leiðinni flytur Turéll fyrirlestra í boði Háskólans, les upp úr verkum sínum í Norræna húsinu og þau hjón flytja skemmtidagskrá, e.k. kabarettýningu, í Norræna húsinu annað kvöld.

Danni frændi

Dan Turéll er fæddur árið 1946. Hann mótast á bítlárunum, kemur fram á sjónarsviðið 1969 og verður í forystu fyrir rithöfundum sinnar kynslóðar. Hann skrifar bækur, ljóðabækur, smásögur og loks sakamálasögu, alls yfir 70 bækur. Hann skrifar einnig dálka í blöð, semur söngva, útvarps- og sjón-

varpsþætti og síðustu tvö árin hafa þau hjónin ferðast um með skemmtidagskrá sína og sýnt um alla Danmörku, fyrir dönskum þingmönnum, heimsótt Belgíu og Grænland og nú Ísland. Í Danmörku er Dan Turéll orðinn eins konar göðsögn um bítlakynslóðina, þekktur sem „Danni frændi“.

Morð í myrkri

Við spyrjum Dan Turéll fyrst um sakamálasögu hans og kvikmyndina eftir þeirri fyrstu, Morð í myrkri.

Hann segir þetta vera fyrstu myndina sem gerð er eftir sögum hans og hann hafi veitt handritshöfundum og leikstjóra algjörfrelsi við gerð hennar. „Ég hef þegar gert mína kvikmynd, hún er hér,“ segir hann og heldur uppi bókinni. „Mér finnst hafa tekist vel að koma sögunni á filmu, hún hefur sitt eigið form, bók er bók og kvikmynd er kvikmynd. Þetta er vissulega sérstök tilfinning, maður hefur „búið með“ þessum persónum í 7 til 8 ár og allt í einu eru þær farnar að „búa með“ öðrum! Nú er verið að kvikmynda næstu sögu í bóka-röðinni og undirbúningur hafinn að þeirri þriðju, það lítur út fyrir að bókaröðin komi líka út í kvikmynda-röð,“ segir Dan Turéll og brosir.


Hann lýsti síðan sögunum, sem eru allar um sömu aðalpersónur, nafnlausu blaðamanninn, lögregluforingjann Ehler og lögræðinginn og vinkonu blaðamannsins, Gitte Bristol. „Þetta eru glæpasögur og gerast yfirleitt í stórborg, þar sem jarðvegurinn er fyrir glæpastarfsemi. Sögusviðið er oftast Kaupmannahöfn, sérstakir staðir og umhverfi þar. Ég reyni að nota þetta söguform til þess að rannsaka umhverfið, kafa ofan í þennan þjóðfélagskíma,“ segir Dan og Chili bætir því við, að myndin Morð í myrkri hafi heppnast vel, fengið góða dóma og aðsókn. „Aðalleikarinn, Michael Falch, passar vel í hlutverkið, konur segja hann mjög laglegan og kynþokkafullan og það er mjög gott,“ segir hún.

Skemmtidagskrá fyrir alla

Dan vísar spurningum um skemmtidagskrá þeirra til konu sinnar, „það er hennar deild,“ segir hann. Chili lýsir þessari uppákomu: „Þetta er ekki eiginleg kabarettýning, frekar eins konar „standandi rithöfundur“, við syngjum ýmis lög við danska texta, við setjum nýja texta við lög frá t.d. Lou Reed og Leonard Cohen. Í bland við söngvana förum við með ljóð og Dan talar við áheyrendur,“ segir hún.

Þau eru spurð um til hverra skemmtidagskráin höfði helst, hvort hún sé bundin ákveðinni kynslóð?

„Gestir okkar eru á öllum aldri, eiginlega frá 15 ára til áttræðs,“ svarar Chili og heldur áfram: „Dan hjón mjög til eldri kvenna, þær eru hrifnar af honum, eins yngra fólk. Þetta er ekki hreint glens og grín, þótt fornið sé slíkt, áhorfend-



Morgunblaðið/Þorkell

„Danni frændi“, eins og Danir kalla fjöllistamanninn Dan Turéll, flytur atriði úr skemmtidagskrá fyrir reykvíska skólanemendur í Háskólabíói í gær.

ur koma til að hlusta, ekki aðeins til að hlæja.“

— Hafið þið þá einhvern sérstakan boðskap að færa?

„Auðvitað höfum við boðskap, en við erum ekki svo vitlaus að sagt frá honum,“ svarar Dan og líkti því við bækur, rómána, þar sem sagt er á káppunni um hvað þær eru, „... þannig að lesandinn veit nákvæmlega hvernig bókin er og hættir við að lesa hana,“ segir Dan Turéll og brosir kímileitur.

Ástar-haturssamband við Ísland

Að lokum eru Turéll-hjónin spurð henna klassisku spurninga um Ísland.

„Ég hef svona einhvers lags ástar-haturssamband við Ísland,“ segir Dan, „Ég hef komið hingað áður, ég held fyrir um tíu árum. Það sem mér líkar best er stoltið, hvað samt við landið og þjóðina er óbreytanlegt. Hitt líkar mér verr, sem er þvermóðskan, ekki þvermóðska einstaklinga, heldur í uppbyggingu þjóðfélagsins, sem lýtur einhverjum „verdur að gera“ og „má ekki gera“ reglum. Svo get ég auðvitað bætt einhverju við um hreina loftið og náttúrufergurðina,“ sagði hann og brosti sínu breiðasta.

„Hér er allt svo yndislega hreint, t.d. miðað við Kaupmannahöfn,“ sagði Chili. „Ég naut þess að fá mér morgungöngu í hreina loftinu og dóttirin á örugglega skemmtilegar minningar héðan, hún undi sér vel í snjónum, sem hún sér annars svo sjaldan.“

Að þessum orðum sögðum kveðjum við þennan merka fjöllistamann, Dan Turéll og fjölskyldu hans, þeirra bíður ströng dagskrá, að kynna verk sín fyrir Íslendingum yfir helgina.

Í dag verða þau viðstödd frumsýningu myndarinnar Morð í myrkri í Regnboganum kl. 14.00 og á morgun, sunnudag, mun Dan lesa úr verkum sínum og segja frá sjálfum sér í Norræna húsinu kl. 17.00. Annað kvöld kl. 20.30 sýna þau hjón síðan kabarett sinn í Norræna húsinu, aðgöngumiðar eru seldir á staðnum.

MORGUNBLAÐIÐ,
13. febrúar 1988